

Þriðjudaginn 8. desember 1998.

Nr. 475/1998.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

(Ólafur Kr. Hjörleifsson fulltrúi)

gegn

Mána Freysteinssyni

(Brynjar Níelsson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómamarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. desember 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 4. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 3. desember 1998, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 15. janúar 1999 kl. 16. Kæruheimild er í 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði staðfestur.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 3. desember 1998.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði hefur krafist þess, að Mána Freysteinssyni, kt. 150267-3669, verði með dómsúrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi til föstudagsins 15. janúar 1999 kl. 16.00 á grundvelli a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Kærði hefur mótmælt kröfunni.

Lögreglan í Hafnarfirði hefur nú til rannsóknar hátt á annan tug þjófnaða, framinna í Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík undanfarnar vikur og mánuði. Kærði er grunaður um aðild að brotunum, og hefur hann þrívægis verið úrskurðaður í gæsluvarðhald í þágu málsrannsóknar, síðast 26.

nóvember sl., en varðhaldið rann út í dag. Kærði hefur neitað aðild að brotunum að frátöldum þjófnaði á slökkvitæki í júní sl., þjófnaði á kókomjólk og kleinum 17. nóvember sl. og þjófnaði á vodkapela 25. nóvember sl. Rannsókn kærómálanna er mislangt á veg komin, en búið er að yfirheyra kærða margsinnis, og hefur hann einatt neitað sök, þrátt fyrir það að í mörgum tilvikum hafi vitni borið honum í óhag. Verður ekki séð, að það geti nú haft teljandi þýðingu fyrir rannsókn umræddra mála, að kærði sæti áfram gæsluvarðhaldi á grundvelli heimildarákvæðis a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, enda ekki sýnt, að kærði muni torvelda málsrannsókn, þótt hann fái nú frelsi að nýju. Verður því ekki fallist á framhald gæsluvarðhalds í þágu rannsóknarhagsmuna.

Samkvæmt sakavottorði kærða á hann þó nokkurn sakaferil að baki, og hefur þar sigið mjög á ógæfuhlið síðustu 16–17 mánuði. Á þeim tíma hefur kærði hlotið þrjá refsisdóma fyrir fíkniefnalagabrot og fjölda þjófnaðarbrota og samtals verið dæmdur í tólf mánaða fangelsi. Kærði afplánaði riflega sex mánuði refsingarinnar, en fékk reynslulausn í eitt ár á 172 daga eftirstöðvum í maílok 1998. Síðan þá hefur kærði tengst fjölda lögreglurannsókna og er grunaður um mikinn fjölda auðgunarbrota, þar á meðal stórfellt innbrot í Slípivörur og verkfæri hf. í Hafnarfirði 23. október sl. og aftur í sama fyrirtæki 25. nóvember sl. Kærði er heimilislaus og hefur ekki stundað launaða atvinnu í að minnsta kosti tvo mánuði. Engu að síður kveðst hann neyta amfetamíns fyrir um það bil 30.000 krónur á viku, og verður að telja líklegra en hitt, að hann fjármagni þá fíkniefnaneyslu með ólögumætum hætti.

Þótt kærði hafi aðeins gengist við þremur þjófnaðarbrotum frá því í júní sl., leikur rökstuddur grunur á aðild hans að mun fleiri auðgunarbrotum. Verður að ætla, að hann muni halda áfram brotum, á meðan rannsókn framangreindra kærómála er ekki lokið, og því nauðsynlegt í þágu kærða og vegna almannahagsmuna, að gæsluvarðhald yfir kærða verði nú framlengt á grundvelli c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Þykir gæsluvarðhaldstímanum markaður hæfilegur tími í kröfugerð lögreglustjóra.

Jónas Jóhannsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Máni Freysteinnsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 15. janúar 1999 kl. 16.00.